

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar send Alþingi

Alþingi
B.t. velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 15.10.2015
nr. erindis 201509443/50.13 ssj

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum um málefni aldraðra (uppfærsluréttur íbúðarréttar).


Umsögn samkvæmt samþykkt 1231. fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar 15. október 2015 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum um málefni aldraðra (uppfærsluréttur íbúðarréttar) er eftirfarandi:

Efni frumvarpsins er mikilvægt til að tryggja stöðu og öryggi þeirra sem búa í þjónustuíbúðum. Hugtökin *þjónustuíbúðir* og *öryggisíbúðir* eru notuð yfir slíkt búsetuform án þess þó að skilgreining á síðara hugtakinu sé að finna í lögum. Því er lagt til að einungis orðið þjónustuíbúðir sé notað eða, að öðrum kosti að skilgreina hugtakið öryggisíbúðir þannig að ljóst sé í hverju munurinn á þessu tvennu liggur.

Þá er brýnt að taka búsetumál eldri borgara til skoðunar í tengslum við húsnæðismál almennt.

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin berst að liðnum umsagnarfresti.

Virðingarfyllst,


F. h. Unnar V. Ingólfssdóttur, framkv.stj. fjölskyldusviðs
Sigurður S. Júlíusson, hrl.

